

Fundargerð 6. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholti, VRÍI, HÍ.

Tími: 15. Janúar 2013 kl. 9.15-10:30

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Dagur Jónsson (DJ) og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ).

Forföll: Jónas Elíasson (JE).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Skipulagning málþings um neysluvatnsöflum á Íslandi
3. Innheimta félagsgjalda
4. Önnur störf vorannar
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðustu funda

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2. Skipulagning málþings um neysluvatnsöflun á Íslandi.

Áfram verður unnið að skipulagningu málþingsins. DJ og AI munu vinna í minnisblaði tengdu þeirri skipulagsvinnu. Á minnisblaði koma fram markmið þingsins, helsti markhópur, dagskrá erinda og fleiri atriði tengd skipulagningunni. Dagur vatnsins er 22. mars, stefnt var að því að halda þingið þá en ljóst er að annar viðburður er í skipulagningu þann dag. Þann eftirmiðdag stefna UST, Umhverfissráðuneytið, Matís, Hafró, VÍ og vatnafræðinefnd á að halda Umhverfissráðstefnu um Vatn og Vatnsgæði í Nauthóli. Einnig mun OR vera með annan viðburð, málþing, laugardaginn 23. febrúar n.k. um mikilvægi neysluvatns þar sem fjallað verður um grunnvatn og vatnsvernd. Skoðaðar verða aðrar tímasetningar fyrir málþing VAFRÍ í lok mars og hugsanlega verður málþingi frestað fram í apríl.

3. Innheimta félagsgjalda

ÍÞ upplýsti að um 21 hefur greitt félagsgjaldið af 66 skráðum meðlimum félagsins. Hún mun senda annan email til félagsmanna um að greiða gjaldið áður en farið verður í innheimtu í gegnum banka.

4. Önnur störf vorannar

Heimasíða félagsins: <http://www.vafri.hi.is/>

Unnið verður að því að bæta inn gögnum og fræðsluefni. Laga þarf Facebook síðu félagsins til. Hana má finna með að leita að „vini“ með nafninu: Vatns- og fráveitufélag Íslands. Til að vera með í þeim hópi þarf bara að gera „like“ á síðuna.

5. Önnur mál

Málþingið Líffræðileg hreinsun skólps

Ráðstefnurit var fullgert og sent öllum félagsmönnum rétt fyrir jól. Ritið er birt á <http://skemman.is/> og á heimasíðu félagsins. Send var fréttatilkynning í Verktækni og sett inn frétt á heimasíðu VAFRÍ um málþingið.

Fundi var lokið um kl. 10:30

Næsti fundur verður 5. febrúar 2013. Klukkan 9:15.

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is